

Nr. 112

21. janúar 2021

AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Rollutangi, Efra-Apavatn.

Deiliskipulagið tekur til frístundasvæðis við Efra-Apavatn 1A, L226187, Efra-Apavatn 1, lóð, L167652 og Efra-Apavatn 1, lóð, L167651. Deiliskipulagið tekur til um 8,1 ha svæðis, þar sem 11 frístundalóðir og ein lóð fyrir bátaskýli eru afmarkaðar auk opinna svæða. Aðkoma að lóðum verður um núverandi veg sem tengist Laugarvatnsvegi (37).

Samþykkt í sveitarstjórn 12. nóvember 2020.

Deiliskipulagsbreyting, Skálabrekku 1.

Breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi Skálabrekku við Þingvallavatn, fyrir lóð Skálabrekku-götu 1. Skilgreindir eru breyttir byggingarskilmálar innan lóðarinnar vegna mikils landhalla innan byggingarreits. Leyfilegt verður að byggja kjallara undir húsið allt að 200 fm og verður einnig leyfilegt að grafa frá húsinu til að skapa aðkomu fyrir bæði sumarhús og kjallara. Hámarksbyggingarmagn og nýtingarhlutfall lóðar er óbreytt. Mænis- og vegghæð miðast við hæsta punkt lóðar. Aðrir skilmálar deiliskipulags haldast óbreyttir.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. september 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. janúar 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. febrúar 2021